



HRUNAMANNAHREPPUR

12. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 5. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 6. MAÍ 2015

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2015, þann 6. maí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 2 mál, umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis vegna frumvarps til laga um þjóðlendur o.fl. og lýsingu á aðalskipulagsbreytingu vegna breytingar á Hvammsvegi. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindin fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2014: Seinni umræða.
2. Samkomulag: Starfslok.
3. Héraðsnefnd Árnesinga bs: Fundargerð 6. fundar frá 9.-10. apríl s.l. Kaup Héraðsskjalasafns Árnesinga á geymsluhúsnæði.
4. Sóknaráætlun Suðurlands: Ábendingar umskipan í samráðshóp.
5. Skipulagsstofnun: Beiðni um umsögn vegna Hálendismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum.
-skýrsla liggur frammi á skrifstofu-
6. Fornleifastofnun: Drög að samningi um aðalskráningu fornleifa í Hrunamannahreppi.
7. Kerlingarfjallavinir: Endurskoðun á aðalskipulagi Hrunamannahrepps.
8. Allsherjar og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um verndarsvæði í byggð.
9. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2016.
10. Allsherjar og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um lögræðislög.
11. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum.
12. Niðurstöður auglýsingar vegna nýtingar lands í Kerlingarfjöllum.
13. Þjónustusamningur um sópun.
14. Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.: Breyting á samþykktum.
15. Karlakór Hreppamanna: Styrkbeiðni.
16. SASS: Stöðugreining hjúkrunarheimila á Suðurlandi.
17. Atvinnustefna Hrunamannahrepps.
18. Útboð á Sorphirðu.
19. Íbúafundur.
20. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

21. Veitustjórn: Fundargerð 6. fundar nefndarinnar frá 27. apríl s.l.
22. Skólanefnd: Fundargerð 4. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 28. apríl s.l.
23. Skólanefnd: Fundargerð 3. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 28. apríl s.l.
24. Umhverfisnefnd: Fundargerð 2 fundar nefndarinnar frá 28. apríl s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

25. Fundargerð 88. fundar skipulagsnefndar frá 22. apríl s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 27. mars og 16. apríl s.l.
Mál nr. 29: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 27. mars.
Mál nr. 30: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. apríl.

26. Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs. Fundargerð aðalfundar frá 22. apríl s.l.

27. NOS: Fundargerð 6. fundar frá 10. apríl s.l.

28. Laugaráslæknishérað: Fundargerð frá 30. apríl s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Fundargerð 11. fundar þjónustuvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi frá 8. apríl s.l.

b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 240. fundar stjórnar frá 20. apríl s.l.

c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 164. fundar stjórnar frá 30. apríl s.l.

Kynningarmál:

d. Félag sumarhúsaeiganda í Heiðarbyggð II. Bréf.

e. Eignarhaldsfélag Suðurlands hf: Ársreikningur 2014.

f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsógn um frumvarp um breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu.

g. Skipulagsstofnun: Breyting á aðalskipulagi vegna gámasvæðis við Flúði.

h. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 827. fundar stjórnar frá 27. mars s.l.

i. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 20. fundar stjórnar frá 13. apríl s.l.

j. Félag íslenskra félagsliða: Félagliðar og fagleg þjónusta í umönnunar- og velferðarþjónustu.

k. Samband íslenskra sveitarfélaga: Helstu mál á vettvangi ESB og EFTA 2015.

l. Drög að reglugerð um eldihús alifugla, loðdýra og svína.

m. HSK: Samþykktir 93. héraðsþings.

n. Landskerfi bókasafna hf: Ársreikningur 2014 og samþykktir.

Fundir framundan:

o. Aðalfundur Hitaveitu Grafarhverfis ehf 12. maí n.k.

p. Aðalfundur Landskerfis bókasafn hf 12. maí n.k.

Skýrslur á skrifstofu:

q. Ársskýrsla lánasjóðs sveitarfélaga 2014.

r. Samband íslenskra sveitarfélaga: Ársskýrsla 2014.

s. Héraðssambandið Skarphéðinn: Ársskýrsla 2014.

t. Rarik: Ársskýrsla 2014.

u. Byggðastofnun: Ársskýrsla 2014.

v. Byggðasafn Árnesinga: Ársskýrsla 2014.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2014: Seinni umræða.

Ársreikningur Hrunamannahrepps, sundurliðun ársreikningsins og skýrsla endurskoðenda fyrir árið 2014 voru tekin til seinni umræðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 4,4 millj. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 38,7 millj. Nettófjárfesting var 152,5 millj. Veltufé frá rekstri 79,1 millj. Heildar eignir 1,117 millj., heildarskuldir 684,4 millj. og eigið fé 432,7 millj. Skuldahlutfall er 82% og hefur hækkað úr 79% frá fyrra ári. Að öðru leyti er vísað til framlagðra gagna. Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða og er reikningurinn undirritaður því til staðfestingar.

2. Samkomulag: Starfslok.

Oddviti kynnti drög að starfslokasamningi við Móeiði Skúladóttur. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Unnsteinn víkur sæti við afgreiðslu málsins.

3. Héraðsnefnd Árnesinga bs: Fundargerð 6. fundar frá 9.-10. apríl s.l. Kaup Héraðsskjalasafns Árnesinga á geymsluhúsnæði.

Oddviti kynnti fundargerð vorfundar Héraðsnefndar Árnesinga bs. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti heimild forstöðumanns Héraðsskjalasafns Árnesinga um kaup á geymsluhúsnæði fyrir Héraðsskjalasafnið.

4. Sóknaráætlun Suðurlands: Ábendingar umskipan í samráðshóp.

Oddviti kynnti beiðni frá SASS um að sveitarstjórn Hrunamannahrepps tilnefni 4 fjóra aðila vegna vals í 30 manna samráðshóp vegna sóknaráætlun Suðurlands 2015-2019. Sveitarstjórn tilnefni til valsins þau Elínu Unu Jónsdóttur, Unnstein Loga Eggertsson, Helga Má Gunnarsson og Þórunni Andrésdóttur.

5. **Skipulagsstofnun: Beiðni um umsögn vegna Hálandismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar vegna fyrirhugaðra framkvæmda Fannborgar ehf vegna hálandismiðstöðvarinnar í Kerlingarfjöllum og nánar eru tilgreinar í erindi félagsins til Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn samþykkir að fyrirhugaðar framkvæmdir Fannborgar ehf í Ásgarði í Kerlingarfjöllum vegna hálandismiðstöðvar þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.
6. **Fornleifastofnun: Drög að samningi um aðalskráningu fornleifa í Hrunamannahreppi.**
Oddviti kynnti drög að samningi við Fornleifastofnun um aðalskráningu fornleifa í Hrunamannahreppi. Um er að ræða samning sem tekur til ársins 2015 og myndi aðallega taka til þéttbýlisins á Flúðum auk fleiri afmarkaðra svæða. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
7. **Kerlingarfjallavinir: Endurskoðun á aðalskipulagi Hrunamannahrepps.**
Oddviti kynnti ósk frá Kerlingarfjallavinum um aðkomu vegna vinnu við endurskoðun á aðalskipulagi Hrunamannahrepps hvað varðar Kerlingarfjallasvæðið. Sveitarstjórn fagnar áhuga Kerlingarfjallavina á verkefninu og mun hafa þá með í ráðum ásamt öðrum hagsmunaaðilum á svæðinu. Halldóra Hjörleifsdóttir víkur sæti við afgreiðslu málsins.
8. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um verndarsvæði í byggð.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um verndarsvæði í byggð. Sveitarstjórn tekur undir athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið.
9. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2016.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2016. Sveitarstjórn felur skipulagsnefnd Uppsveita að gera umsögn um málið.
10. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um lögræðislög.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um lögræðislög.
11. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum.
12. **Niðurstöður auglýsingar vegna nýtingar lands í Kerlingarfjöllum.**
Oddviti kynnti niðurstöður auglýsingar vegna nýtingu lands í Kerlingarfjöllum. Frestur til að svara auglýsingunni rann út þann 27. apríl s.l. og barst ein umsókn frá Fannborg ehf. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við Fannborg ehf um afnot af 6,14 ha lóð undir hálandismiðstöð í Kerlingarfjöllum og um umsjón og eftirlit með landi og landsréttindum í Kerlingarfjöllum.
13. **Þjónustusamningur um sópun.**
Oddviti kynnti þjónustusamning um sópum á götum, plönnum og gangstéttum á Flúðum við Fögrusteina ehf. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
14. **Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.: Breyting á samþykktum.**
Oddviti kynnti breytingar á samþykktum embættisins sem samþykktir af voru á aðalfundi byggðasamlagsins. Sveitarstjórn samþykkir breytingarnar.
15. **Karлакór Hreppamanna: Styrkbeiðni.**
Oddviti kynnti beiðni um styrk frá Karлакór Hreppamanna vegna kaupa á bókum við kórþalla. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja kaupin um kr. 150.000 enda standi þau öðrum notendum félagsheimilis Hrunamanna til boða. Ragnar víkur sæti við afgreiðslu málsins.
16. **SASS: Stöðugreining hjúkrunarheimila á Suðurlandi.**
Oddviti kynnti skýrslu frá SASS um stöðugreiningu hjúkrunarheimila á Suðurlandi. Sveitarstjórn þakkar fyrir góða skýrslu.
17. **Atvinnustefna Hrunamannahrepps.**
Oddviti kynnti drög að atvinnustefnu fyrir Hrunamannahrepp ásamt árangursmælikvörðum og aðgerðaráætlun fyrir árin 2015-2017. Sveitarstjórn

samþykkir atvinnustefnu fyrir Hrunamannahrepp með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

18. Útboð á Sorphirðu.

Oddviti kynnti stöðu málsins en fyrir liggur greining og tillögur frá Tæknisviði Uppsveita um fyrirkomulag á útboði á sorpi. Sveitarstjórn samþykkir að Hrunamannahreppur fari í útboð á sorphirðu í sveitarfélaginu á grundvelli tveggja tunnu kerfis, þ.e. grá- og blátunnu og þá með öðrum sveitarfélögum í Uppsveitum ef þau kjósa svo. Sveitarstjórn felur Tæknisviði Uppsveita að fara að hefja undirbúning undir útboð á sorphirðu með það að markmiði að nýr þjónustuaðili geti hafið störf næsta haust. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að ráðast í átak vegna meðferðar á lífrænum úrgangi sem til fellur í sveitarfélaginu.

19. Íbúafundur.

Sveitarstjórn ákveður að haldinn verði íbúafundur í Félagsheimilinu á Flúðum þriðjudaginn 12 maí nk. kl. 20:00 til að kynna niðurstöðu ársreiknings 2014. Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi mun mæta á fundinn og fara yfir helstu liði. Þá mun einnig fara fram kynning á atvinnustefnu Hrunamannahrepps auk almennra umræðna.

20. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Ákveðið að næsti fundur sveitarstjórnar verði miðvikudaginn 10. júní kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

21. Veitustjórn: Fundargerð 6. fundar nefndarinnar frá 27. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 6. fundar veitustjórnar. Farið var yfir bréf frá RSK, kynnt drög að samkomulagi við HS Orku vegna rannsóknar á Kópssvatnsholunni og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og felur sveitar- og veitustjóra að ganga frá endanlegu samkomulagi við HS Orku um rannsóknir og mögulega nýtingu á Kópssvatnsholunni.

22. Skólanefnd: Fundargerð 4. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 28. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla. Þar var farið yfir skýrslu skólustjóra, skóladagatal fyrir næsta ár kynnt og lagt til að fulltrúi skólanefndar vegna skipulags skólalóðar verði Bjarney Vignisdóttir. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

23. Skólanefnd: Fundargerð 3. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 28. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar nefndarinnar vegna leikskóla. Þar var farið yfir skýrslu leikskólustjóra, skóladagatal fyrir næsta vetur kynnt, rætt um möguleika á vinnu við þróunarverkefni, beiðni um launalaust leyfi og eflingu starfsmanna til menntunar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

24. Umhverfisnefnd: Fundargerð 2 fundar nefndarinnar frá 28. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar nefndarinnar. Farið var á kynningu á fyrirhuguðu útboði í sorpmálum á Borg með Tæknisviði Uppsveita og fulltrúm umhverfisnefnda Uppsveita og Flóa. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

25. Fundargerð 88. fundar skipulagsnefndar frá 22. apríl s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 27. mars og 16. apríl s.l.

Mál nr. 29: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 27. mars.

Lagðar fram.

Mál nr. 30: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. apríl.

Lagðar fram.

26. Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs. Fundargerð aðalfundar frá 22. apríl s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 18. fundar stjórnar Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. Farið var yfir skýrslu stjórnar og ársreikning fyrir 2014. Samþykktar voru breytingar á samþykktum samlagsins, kosinn löggildur endurskoðandi, fjallað um laun skipulagsnefndar og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

27. NOS: Fundargerð 6. fundar frá 10. apríl s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 6. fundar NOS. Ákveðið var að auglýsa eftir sálfræðing í 100% starf, farið var yfir húsnæðismál skólaþjónustunnar. Samþykkt var að fá Gerði G. Óskarsdóttur til að taka út stöðu skólaþjónustunnar og

ákveðinn aukafundur skólaþjónustunnar að Borg í Grímsnesi. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

28. Laugaráslæknishérað: Fundargerð frá 30. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerðina. Farið var yfir ársreikning 2014 og samþykkt að styrkja kóra uppsveita Árnæssýslu vegna kaupa á rafmagnspíanó. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Önnur mál:

29. Allsherjar og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um þjóðlendur o.fl.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis vegna frumvarps til laga um þjóðlendur o.fl.

30. Aðalskipulagbreyting: Lýsing vegna breytingar á Hvammsvegi.

Lögð fram lýsing skipulagsverkefnis skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga vegna breytingar á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 sem felur í sér færslu Hvammsvegur á um 500 m kafla. Nær breytingin til bæði þéttbýlisuppdráttar fyrir Flúðir og sveitarfélagsuppdráttar.

Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að kynna lýsinguna og leita umsagnar Skipulagsstofnunar, Fiskistofu og Umhverfisstofnunar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Fundargerð 11. fundar þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi frá 8. apríl s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 240. fundar stjórnar frá 20. apríl s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 164. fundar stjórnar frá 30. apríl s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

d. Félag sumarhúsa eiganda í Heiðarbyggð II. Bréf.

Lagt fram til kynningar.

e. Eignarhaldsfélag Suðurlands hf: Ársreikningur 2014.

Lagt fram til kynningar.

f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu.

Lagt fram til kynningar.

g. Skipulagsstofnun: Breyting á aðalskipulagi vegna gámasvæðis við Flúði.

Lagt fram til kynningar.

h. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 827. fundar stjórnar frá 27. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

i. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 20. fundar stjórnar frá 13. apríl s.l.

Lagt fram til kynningar.

j. Félag íslenskra félagsliða: Félagsliðar og fagleg þjónusta í umönnunar- og velferðarþjónustu.

Lagt fram til kynningar.

k. Samband íslenskra sveitarfélaga: Helstu mál á vettvangi ESB og EFTA 2015.

Lagt fram til kynningar.

l. Drög að reglugerð um eldishús alifugla, loðdýra og svína.

Lagt fram til kynningar.

m. HSK: Samþykktir 93. héraðspings.

Lagt fram til kynningar.

n. Landskerfi bókasafna hf: Ársreikningur 2014 og samþykktir.

Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

o. Aðalfundur Hitaveitu Grafarhverfis ehf 12. maí n.k.

Lagt fram til kynningar.

p. Aðalfundur Landskerfis bókasafn hf 12. maí n.k.

Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- q. **Ársskýrsla lánasjóðs sveitarfélaga 2014.**
Lagt fram til kynningar.
- r. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Ársskýrsla 2014.**
Lagt fram til kynningar.
- s. **Héraðssambandið Skarphéðinn: Ársskýrsla 2014.**
Lagt fram til kynningar.
- t. **Rarik: Ársskýrsla 2014.**
Lagt fram til kynningar.
- u. **Byggðastofnun: Ársskýrsla 2014.**
Lagt fram til kynningar.
- v. **Byggðasafn Árnesinga: Ársskýrsla 2014.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.16.15 .